

Umsókn um styrk úr þróunarsjóði leikskóla í Garðabæ

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn*

Margret H Þórarinsdóttir

Kennitala*

0310584739

Ábyrgðamaður/-menn verkefnis

Nafn/nöfn*

Margrét H.Þórarinsdóttir /Hildigunnur Árnadóttir/Sólveig Steinsson

Vinnustaður

Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar/Fjölskyldusvið Garðabæjar

Netfang

mh@gardabaer.is/hildigunnur@gardabaer.is/solveig@gardabaer.is

Samstarfsaðilar

Tengiliður

Ragnhildur Skúladóttir

Vinnustaður

Leikskólinn Holtakot

Netfang

ragnhildursk@leikskolarnir.is

Tengiliður

Sigurborg Kristjánsdóttir

Vinnustaður

Leikskólinn Hæðarból

Netfang

sigurborg@leikskolarnir.is

Tímasetning verkefnis

Upphafsdagur

Lokadagur

Heiti verkefnis

Grunnnámskeið í PMTO fyrir starfsfólk leikskóla

Hvernig verður markmiðum náð? - Matsáætlun

Skólastjórnendur bjóða starfsmönnum sem koma að kennslu og ummönnum barna á aldrinum 4 - 6 ára að taka þátt í grunnnámskeiði um PMTO. Hámarks þátttaka á námskeiðið er 16 - 18 fagmenntaðir starfsmenn leikskóla. Utanaðkomandi fagaðilar frá PMTO miðstöðinni á Íslandi munu halda námskeiðið.

Þátttakendur í grunnmenntun PMTO sækja sex námskeiðsdaga í fjórum lotum og vinna verkefni tengd starfi á milli námslota. Námskeiðsloturnar sex ná yfir ein önn (haust/vor).

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Allir leikskólar byggja skólanámskrár sínar á lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Í aðalnámskrá leikskóla kemur fram tilgangur og markmið skólastarfsins og heildarsýn á menntun ásamt útfærslu á menntastefnu þeirri sem birtist í lögum. Í aðalnámskrá eru nefndir sex grunnþættir sem eiga að endurspeglast í öllum starfsháttum leikskólans, samskiptum innan skólans og skólabrag.

Einn af þessum grunnþáttum er heilbrigði og velferð. Er þar nefnt að heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess. Leikskólanum ber að stuðla að heilbrigði og velferð m.a. með því að leggja áherslu á jákvæð samskipti, tilfinningalegt jafnvægi og skilning á eigin tilfinningum og annara. Í daglegu starfi leikskóla á áhersla að vera á umhyggju, tillitsemi og sam hjál.

Flest börn sýna einhvern mótþróa einhvern tíma og eru með því að læra á sjálf sig og umhverfi sitt. Almennar reglur í samskiptum og hegðun duga yfirleitt fyrir flest börn. Nokkur börn reyna meira að sveigja reglur og mótmæla meir en önnur, sýna væg hegðunarfrávik. Með þessu verkefni er verið að veita starfsfólki leikskóla verkfæri í hendur til að takast á við væg hegðunarfrávik með markvissum og jákvæðum hætti. Með því móti er stuðlað að því að barnið læri samstarfsvilja og öðlist sjálfsöryggi sem stuðlar að því að það er tilbúið að fara eftir eðlilegum og sanngjörnum fyrirmælum. Það hjálpar barninu til að eiga í félagslegum samskiptum og tileinka sér nýja þekkingu.

Tenging við áherslupætti sjóðsins

- ☐ Innra mat og skólabróun
- ☐ Upplýsingatækni í kennslu og gerð námsefnis
- ☐ Samskipta- og félagsfærni
- ☐ Hreyfing og velferð
- ☐ Sjálfbærni
- ☐ Samvinna innan og á milli skóla og skólastiga

Ávinningur verkefnisins fyrir leikskólann og skólasamfélagið í Garðabæ

Starfsmenn skóla fá í hendur verkfæri til að nýta á jákvæðan og markvissan hátt við vægari hegðunarfrávik innan skólans. Skólastjórnendur geta komið starfsmönnum sínum á námskeið í grunnaðferðum PMTO þannig að þekkingin er komin inn í skólana.

Starfsmaðurinn/mennirnir veita síðan öðru starfsfólki fræðslu og leiðbeina um jákvæðan máta að takast á við vægari hegðunarerfiðleika strax og þeir koma upp. Þannig viðhelst þekkingin innan skólans. Allir þátttakendur fá námsefni í formi handbókar.

Starfsmenn skóla verða færari í að veita foreldrum ráðgjöf strax á fyrstu stigum og geta leiðbeint um næstu skref, sértækari, sé þess þörf.

Markmið grunnmenntunar í PMTO er að efla þekkingu fagfólks á aðferð PMTO til að takast á við hegðunarerfiðleika, efla skilning á hegðunarerfiðleikum og mælingum hegðunar. Auka færni í ráðgjöf bæði til samstarfsfólks og foreldra barna, vegna hegðunarerfiðleika og efla vitund um hvenær og hvert megi vísa málum sem þarfnast frekari meðferðar. Með þekkingu á PMTO innan skólanna verður betri og markvissari samvinna milli fagteymis PMTO á skóladeild og fjölskyldudeild Garðabæjar. Sýnt hefur verið fram á að með aukinni þekkingu á því hvernig bregðast skuli við hegðunarerfiðleikum barna, aukin samvinna, ráðgjöf og fræðsla til foreldra samhliða því að sjónum starfsfólks skólans er beint að því að leiðrétta neikvæða hegðun á jákvæðan hátt, dregur úr alvarlegum hegðunarvanda barna. Alvarlegur hegðunarvandi barna getur m.a. haft í för með sér vanlíðan, skert félagsstengsl, samskipta örðugleika innan fjölskyldu ásamt því að þau þróa með sér námserfiðleika á eldri skólastigum.

Tímasett framkvæmdaráætlun - Helstu verkþættir - Hvenær eru þeir unnir?

Námskeið haldið á haustönn 2017 eða vorönn 2018.

Nákvæmari tímasetning verður gerð í samvinnu við kennara námskeiðs og skólastjórnendur.

Ráðgjafar verkefnisins

Nafn

Edda Víkar Guðmundsdóttir

Hlutverk

kennari námskeiðs frá PMTO miðstöðinni

Nafn

N.N

Hlutverk

kennari námskeiðs frá PMTO miðstöðinni

Nafn

Hlutverk

Kostnaðaráætlun - Um áætlaðan raunkostnað er að ræða

Kostnaðarliður:

Laun þátttakenda samtals:

Þátttakendur fara á námskeiðið sér og skóalns að kostnaðarlausu

Laun sérfræðinga og ráðgjafa/námskeið, samtals:

1.540 laun og utenumhald fyrri 2 kennara í 6 námskeiðsdaga.í fjórum lotum.

Efniskaup, samtals:

160.000 - breytilegt eftir þátttakendafjölda - hér miðað við 16 þátttakendur

Samtals áætlaður kostnaður:

1.700 000.kr

Efniskaup, sundurliðun

Námsefni í formi handbókar (möppur, kennslugögn),veitingar á námskeiðsdögum.

Kostnaðaráætlun:

Garðabær dags.

30.03.2017

Ábyrgðamaður umsóknar

Margrét H. Þórarinsdóttir - sérkennslufulltrúi leikskóla